

(8)

Rammasamkomulag

milli

sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

og

Landsvirkjunar

varðandi undirbúning, byggingu og rekstur
Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar

Inngangur:

A.

Á árunum 1998-2000 vann Landsvirkjun að frumhönnun Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar í neðri hluta Þjórsár. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að frekari verkhönnun virkjananna á árunum 2002-2005. Á árinu 2006 hófust rannsóknir vegna útboðshönnunar þeirra, sem unnið hefur verið að frá miðju ári 2007.

Landsvirkjun hefur með sérstöku samkomulagi við fjármála- iðnaðar- og landbúnaðarráðuneyti, dags. 9. maí 2007, fengið heimild ráðuneytanna til samninga við landeigendur um þau virkjunar- og landsréttindi, sem Títanfélagið keypti og samið var um á árunum 1914-1917. Á grundvelli þessa samkomulags hefur Landsvirkjun unnið að gerð samkomulags við alla þá hagsmunaaðila er þeir samningar varða auk nokkurra annarra aðila, sem samningar Títanfélagsins náðu ekki til.

B.

Mat á umhverfisáhrifum Hvamms- og Holtavirkjunar var unnið á árunum 2002-2003. Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 féllst stofnunin á fyrirhugaðar virkjanir ásamt breytingu á Búrfellsslínu 1 með fæeinum skilyrðum er varða:

- Endurheimt votlendis í stað þess er raskast af völdum framkvæmda.
- Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn foki á sand- og aurasvæðum er þorna við framkvæmdina.
- Vöktun á öldurofi og eyðingu gróðurs á ströndum lóna.
- Rannsóknir á lífríki Þjórsár og nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna göngufisks.
- Rannsóknir á fornleifum.

góðan

Umhverfisráðherra staðfesti hinn 27. apríl 2004 úrskurð Skipulagsstofnunar þar sem bætt var við eftirfarandi skilyrðum:

- Framkvæmdaraðili láti gera áhættumat fyrir virkjunina þar sem sýnt er fram á að áleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkjanna verði ekki meiri en talin er ásættanleg vegna ofanflóða.
- Framkvæmdaraðili girði af farveg árinna á bökkum hennar eftir þörfum og setji upp aðvörunarskilti og aðvörunarbúnað á viðeigandi stöðum til að draga úr hættu vegna skyndilegar rennslisaukningar.

C.

Landsvirkjun hefur þegar hafið vinnu við öll ákvæði í ofangreindum skilyrðum Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra, sem viðkemur rannsóknunum og undirbúningi s.s. rannsóknum á lífríki árinna, rannsóknum á fornleifum og gerð áhættumats. Þá er unnið að hugmyndum um mótvægiságerðir vegna breytilegs rennslis í árfarvegi frá Núpsstíflu að Ölmóðsey annars vegar og hins vegar neðan við Búðafoss að Árnesflúð.

Með hliðsjón af framangreindu:

eru sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjun sammála um að gera þennan rammasamning til að styðja við byggð og atvinnulíf svæðisins. Samkvæmt honum verður unnið að eftirtöldum verkefnum í samstarfi aðila vegna undirbúnings, framkvæmda og reksturs framangreindra virkjana og varða hagsmuni sveitarfélagsins og Landsvirkjunar til lengri tíma:

1. Breytingar á samgöngum

Fyrirhugað hefur verið vegna byggingar Holtavirkjunar að endurbyggja núverandi veg frá Minni-Völlum í Rangárþingi ytra að veitumannvirkjum við Búðafoss. Tillögur liggja fyrir um að sá vegur verði hluti af tengibraut með brú nokkru ofan við Búðafoss og mun vegur frá brúnni tengjast Þjórsárdalsvegi við Árnes. Þessi vega- og brúartenging kemur í stað brúar ofan Þjórsárholti ásamt veggengingum við aðliggjandi stofnbrautir, sem eru á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og Rangárþings ytra. Landsvirkjun hefur fallist á að taka þátt í þessari vegaframkvæmd þar eð hún auðveldar aðkomu að Hvamms- og Holtavirkjunum við byggingu og rekstur þeirra. Verður gert sérstakt samkomulag við Vegagerðina um þessa framkvæmd. Sveitastjórn lýsir yfir fullum stuðningi við þessa veggengingu og mun fyrir sitt leyti annast nauðsynlega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Við myndun Hagalóns verður nauðsynlegt að færa veglínu Þjórsárdalsvegar ofar með lónsstæðinu frá aðkomuvegi að Núpsstíflu og inn fyrir Þverá og að auki þarf að reisa nýja brú á Þverá. Þessi veglína hefur verið hönnuð í samstarfi við viðkomandi landeigendur svo og aðkomuleið að stíflu- og lokumannvirkjum Núpsstíflu í Þjórsá. Þá hefur orðið að samkomulagi að færa Þjórsárdalsveg á um 3 km kafla neðan við Hagabæina að farvegi árinna. Unnið verður að breytingum að aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna þessara vegaframkvæmda á árunum 2008-2009.

Vegna framkvæmda við stíflu Heiðarlóns á vesturbökkum Þjórsár mun Landsvirkjun kosta varanlegt slítag á núverandi aðkomuveg að stíflunni, veg nr. 321 og lagfæra tengingar við aðkomuvegi að Kálflhóli og Skeiðháholti vegna aukinnar umferðar við stíflugerðina. Samráð verður haft við viðkomandi landeigendur um vegagerð vegna stíflugerðarinnar.

2. Upplýsingamiðstöð í Árnesi

Landsvirkjun mun vegna framkvæmda við fyrirhugaðar virkjanir taka þátt í að koma á fót og reka upplýsingamiðstöð í Árnesi í samstarfi við sveitastjórn. Áformað er að starfsemi miðstöðvarinnar geti orðið til frambúðar.

Þar er gert ráð fyrir að veittar verði alhliða upplýsingar um Þjórsá og Tungnaá, sögu og uppbyggingu virkjana í ánum, veitt fraðsla um vatnafar árinnar og náttúrufar á svæðinu. Þá verði starfsemi Landsvirkjunar kynnt þar og orkumál landsins almennt auk kynningar á sveitarfélagini. Miðað er við að Landvirkjun leggi til einn starfsmann til kynningarstarfs hluta úr ári.

Landsvirkjun og sveitastjórn munu sameiginlega móta forsendur fyrir uppbyggingu og rekstri upplýsingamiðstöðvarinnar. Aðilar eru sammála um að ljúka þeirri vinnu á árinu 2008 og að rekstur hennar geti hafist á árinu 2009.

Landsvirkjun mun leigja sem nemur 250 m² húsnæðis í Félagsheimilinu Árnesi til 10 ára fyrir þessa starfsemi í samræmi við sérstakan leigusamning sem gerður verður milli aðila. Að leigutíma liðnum eða fyrr, ef aðilar verða um það sáttir, skal endurmeta með hvaða hætti staðið verði að sameiginlegri upplýsingaþjónustu.

3. Endurbætur á nettengingu í sveitarfélagini

Samkomulag er um að Landsvirkjun og sveitarfélagið vinni sameiginlega að áætlun um uppbyggingu á þráðlausu netsambandi (Wimax) um allt sveitarfélagið með ljósleiðarasambandi í viðkomandi senda en endurbætur á netsambandi eru báðum aðilum til hagsbóta. Gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu á sendum með aðgengi að ljósleiðara Fjarska í Búrfellslínu 3.

Hlutdeild Landsvirkjunar við uppbyggininguna yrði ljósleiðaratengingin að 3 fyrirhuguðum sendum, skúrar við þá og möstur. Allur annar tæknilegur búnaður og rekstur verður kostaður af sveitarfélagini og notendum.

Tillögur um endurbætur og verklýsing fyrir útboð munu liggja fyrir í maí 2008. Í framhaldi af því munu aðilar gera samning sín á milli um stofnkostnað, en gert er ráð fyrir að sveitarfélagið verði eignaraðili að grunnkerfi netsins en bjóði út rekstur þess. Eftir að niðurstaða Fjarskiptasjóðs liggur fyrir munu aðilar gera sérstakt samkomulag um útfærslu þessa liðar og stefnt er að því að útboð fari fram haustið 2008 í samræmi við verklýsingu.

4. Endurbætur á reiðvegi.

Vegna fyrirhugaðrar stíflugerðar við Heiðarlón, inntakslón Urriðafossvirkjunar, á vesturbakka Þjórsár mun reiðleiðin þar leggjast af um nokkurra ára skeið. Landsvirkjun mun til mótvægis við þá röskun styrkja gerð og endurbætur reiðvegar meðfram núverandi þjóðvegi á um 15 km kafla. Val á vegaköflum og framkvæmd verður í umjón sveitarfélagsins og reiðveganefndar hestamannafélags.

Í framkvæmdina skal ráðist strax og virkjunarleyfi fyrir Urriðafossvirkjun liggur fyrir.

5. Leiga á lóðum fyrir starfsmenn á vegum Landsvirkjunar og verktaka.

Landsvirkjun stefnir að því að reisa starfsmannahúsnaði fyrir eigin starfsmenn eða ráðgjafa sína á skipulögðum lóðum við Árnes. Þá mun fyrirtækið einnig benda verktökum er munu starfa við fyrirhugaðar virkjanir á aðgengilegar lóðir fyrir iðnaðarhúsnaði og aðra aðstöðu þar. Landsvirkjun mun einnig gera tillögu í útboðsgögnum um Hvammssvirkjun að hluti vinnubúða verktaka verði staðsettur vestan Þjórsár í landi Minna-Núps.

6. Skipulagsmál í Þjórsárdal

Landsvirkjun og sveitarfélagið munu halda áfram áratuga samstarfi um uppgreðslu og umhverfisbætur í Ljórsárdal. Í því skyni mun verða leitast við að bæta þar aðgengi og upplýsingagjöf fyrir ferðamenn um menningarmínjar og náttúruverðmæti svæðisins.

Sveitastjórn og Landsvirkjun eru sammála um að gera þurfi sérstakt deiliskipulag fyrir Þjórsárdal. Að þessu verkefni munu þurfa að koma aðrir aðilar eins og Landgræðslan og Skógrækt ríkisins. Landsvirkjun og sveitastjórn eru sammála um að hafa forgöngu um að ráðast í þetta verkefni og aðilar munu gera sérstakt samkomulag sín á milli um kostnað vegna þess.

7. Kostnaður sveitarfélagsins vegna virkjanaframkvæmda

Landsvirkjun mun greiða allan sannalegan úttagðan kostnað sveitarfélagsins vegna undirbúnings virkjana s.s. kostnað vegna skipulagsbreytinga og vinnu við útgáfu framkvæmdaleyfis. Komi til ófyrirséðra atvika á verktíma virkjananna, sem leiða munu til útgjaldaauka sveitarfélagsins munu aðilar hafa samráð um greiðslu þess kostnaðar.

8. Gildistaka

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og kemur til framkvæmda þegar öll tilskilin leyfi opinberra aðila hafa fengist til byggingar Hvamms- eða Holtavirkjunar, hvort sem fyrr verður.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Reykjavík, 26. júní 2008.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

F.h. Landsvirkjunar

Gunnar Örn Marteinsson
Gunnar Örn Marteinsson oddviti.

Friðrik Sophusson
Friðrik Sophusson forstjóri.

Vottar að réttri dagsetningur og undirskrift:

Guðrún Þórhild Ólafsdóttir 057070-3559 Hlynur Ólafsson 0812473829
Nafn kt. Nafn kt.

**SKEIDA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR**

1183

Árnesi, 801 Selfoss
Kt. 540602-4410, Vsk nr. 75825
Banki 0152-26-8990

Fundarvatnshúsar
Hálsatíslund 68
103 Reykjavík

REIKNINGUR 651

Dags 4/12 2008

Krónur

Samkvæmt málum þjórnar ítháðar kostnaðar
skot- og frumþegaháppus vegna skipulagssinnar af 1.
engina fyrirhegðar við þana færhverfumála i
auðveldilettu yfirlit.

Samtals kr.

11.001.210-

1) 29.334,00

Vsk.

2) 2140-0890

Samtals kr.

11.001.210-

Prófum óf. 500 króna

Vinnufundir sveitarstjórnar

Árin 2007 og 2008 voru haldnir 10 vinnufundir sveitarstjórnar vegna skipulagsvinnu varðandi aðalskipulag í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Fundirnir voru með fulltrúum Landsvirkjunar, skipulagsfulltrúa, lögfræðingi sveitarfélagsins o.fl. Ekki var um bókaða fundi að ræða.

Samkvæmt rammasamningi milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar er hluti af þeim samningi greiðsla kostnaðar útlags kostnaðar við skipulagsvinnuna. Landsvirkjun hefur lgreiddi í desemberlok greiðslu vegna ofanritaðs inná reikning sveitarfélagsins.

Vinnufundir:

✗ Gunnar Örn Marteinsson	10 fundir x 20.000 = 200.000
✗ Jón Vilmundarson	10 fundir x 20.000 = 200.000
✗ Ingvar Hjálmarsson	10 fundir x 20.000 = 200.000
✗ Tryggvi Steinarsson	10 fundir x 20.000 = 200.000
✗ Skafti Bjarnason	10 fundir x 20.000 = 200.000
✗ Sigurður Jónsson	10 fundir x 20.000 = 200.000

Samtals kr. 1.200.000

Árnesi 29.des.2008.

Sveitarstjóri Skeiða-
og Gnúpverjahrepps



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss • Sími: 486 6014 • Fax: 486 6091 • Kennitala: 540602-4410 • Heimafíða: www.skeldgnup.is • Netfang: sigurdur@skeidgnup.is

Árnesi 4. 12. 2008.

Landsvirkjun.

Sundurliðun reiknings:

Lögfræðikostnaður kr. 4.504.210

Aukafundir sveitarstjórnar
Árin 2007 og 2008 10 x 120.000 kr. 1.200.000

Samkvæmt rammasamningi
1/5 af 15.000.000 kr. 3.000.000

Vinna og kostnaður skrifstofu
Ljósrit, útsending o.fl. kr. 1.500.000

Vinna, auglýsingakostnaður o.fl.
Skrifstofa Skipulagsfulltrúa kr. 800.000

11.004.210